

Gildandi deiliskipulag Leiru I, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu

Mkv. 1:2000

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulag samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins þann 15. ágúst 1996.

**Tengsl við aðrar áætlanir:**

Breytingin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007 – 2027. Breytingin er innan svæðis A2, I1 og H1. Nánari lýsing á svæðunum má finna í kafla 9.3.5 Athafnasvæði, kafla 9.3.6 Iðnaðarsvæði og kafla 9.3.7 Hafnarsvæði.

**Deiliskipulagsbreytingin**

Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á uppsjávarvinnslu og frystigeymslu. Breytingar á uppdrætti eru eftirfarandi:


- Lóðir við Leirukrók 5, 7, 9, 11, 14, 16 og 18 verða sameinaðar í eina stóra lóð sem eftir sameiningu verður að Leirubakka 4. Lóðin verður 23.601 m<sup>2</sup> að stærð og nýtingarhlutfall skal að hámarki vera 0,65.
- Leirukrókur 12 minnkar og mun hluti af lóðinni sameinast Leirukrók 10.
- Lóð nr. 12 verður 2091,6 m<sup>2</sup> og með hámarks nýtingarhlutfall 0,4 og lágmarks nýtingarhlutfall 0,2.
- Leirukrókur 10 stækkar úr 1119,9 m<sup>2</sup> í 2240 m<sup>2</sup>. Hámarks nýtingarhlutfall 0,4 og lágmarks nýtingarhlutfall 0,2. Á lóðinni skal gera ráð fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi (gámavöllur).
- Götunni Leirukrók verður skipt upp og gatan gerð að tveimur botngötum. Syðri hlutinn mun sameinast Leirubakka.
- Vegna gatnabreytinga mun Leirukrókur 11A (spennistöð) verða að Leirubakka 2 og Leirukrókur 20 verður Leirubakki 3.
- Kvöð verður vegna holræsa á Leirukrók 12 og kvöð vegna holræsa og aðkomu slökkviliðs á Leirubakka 4.
- Nýjar lóðir við Leirubakka 5 og 7. Nýtingarhlutfall skal að lármarki vera 0,3 og að hámarki 0,8.
- Mörk deiliskipulagsins breytast í suðri vegna lóða nr. 5 og 7 við Leirubakka.

Gerð er breyting á texta í kafla 4 Húsagerðir. Fyrir breytingu er textinn í greinargerð eftirfarandi:

"Vegghæð einnar hæðar húsa skal að öllu jöfnu vera minni en 4,5 metrar og tveggja hæða húsa minni en 6 m, mælt frá endanlegu gólfi og í skurðpunkt ysta byrðis veggja og þaks."

Eftirfarandi setningar bætast við sem eiga eingöngu við um Leirubakka 4:

„Á lóð Leirubakka 4 skal vegghæð húsa að öllu jöfnu vera minni en 15 metrar á langhlíðum, mælt frá endanlegu



Deiliskipulag eftir breytingu

Mkv. 1:2000

gólfi og í skurðpunkt ysta byrðis veggja og þaks. Þakhalli húsa á lóð Leirubakka 4, skal vera frá 1:8 upp í 1:2."

Eftirfarandi setning bætist við sem á eingöngu við um Leirubakka 5 og 7:

„Á lóðum Leirubakka 5 og 7 skal vegghæð húsa að öllu jöfnu vera minni en 10 metrar á langhlíðum, mælt frá endanlegu gólfi og í skurðpunkt ysta byrðis veggja og þaks."

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

**SAMÞYKKTIR**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 10.12.15 til 21.01.16

var samþykkt í eigna- skipulags- og umhverfisnefnd þann 25.01.2016

og í bæjarstjórn þann 04.02.2016

(undirskrift)

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 10.03.2016 nr. 213

(undirskrift)



Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027  
Þéttbýlisuppdráttur fyrir Eskifjörð

**SKÝRINGAR**

	DEILISKIPULAGSMÖRK
	MÖRK LÓÐA
	MÖRK LÓÐA, BREYTNANLEG (SJÁ SKILMÁLA)
	MÖRK BYGGINGARREITS
	MÖRK AKBRAUTAR
16	NÚMER LÓÐAR
3695,9 m <sup>2</sup>	STÆRÐ LÓÐAR
	NÝTINGARHLUTFALL LÓÐAR (UNDIRSTRIKAÐ LÁGMARK, YFIRSTRIKAÐ HÁMARK)
I-II	FJÖLDI HÆÐA
	MÆNISSTEFNA
	ÞEGAR BYGGÐ HÚS
	ÖNNUR ÞEGAR BYGGÐ MANNVIRKI
	SVÆÐI SEM KVÖÐ ER Á VEGNA HOLRÆSA OG AÐKOMU SLÖKKVILIÐS
	AÐKOMUHLIÐ LÓÐAR
	HÆDARLÍNUR

Breytingar gerðar eftir auglýsingu:  
Ný lóð skilgreind við Leirubakka 5 - hreinsi- og dælustöð fráveitu  
Ný lóð skilgreind við Leirubakka 7 - hreinsi- og sjóðælustöð  
Kvaðir vegna aðkomu slökkviliðs



FJARÐABYGGÐ - ESKIFJÖRÐUR

LEIRA I  
DEILISKIPULAG IÐNADAR- OG HAFNARSVÆÐIS  
SUNNAN STRANDGÖTU

Breyting á deiliskipulagi		V05
Draugáttunngreining	Stærð 1:2000	Blámynd A3
Útgáfudagur	04.02.2016	Þráttunngreining 001
Útgefandi	Eskju hf	Þráttunngreining PRS

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA